

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Þórdísi Sif Sigurðardóttur, bæjarritara
Dags. 12. júlí 2019
Mnr. 2017010043



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Framkvæmdafé hverfísráðsins í Súganda - Sumarróló

Hverfísráð Súgandafjarðar hefur óskað eftir að nýta framkvæmdafé ársins 2019 í að halda áfram með framkvæmdina í tengslum við lagfæringar á Sumarróló á Suðureyri.

Á árinu 2018 var unnið að 1. áfanga verksins, þar sem meðal annars voru sett niður leiktæki, malbikað og tyrft. Verkið verður klárað í samtals 3-4 áföngum, allt eftir því hversu mikið fjármagn hverfísráðið sjálfst aflar til verkefnisins.

Íbúi á Suðureyri hefur haft samband við hverfísráðið og vill gefa tvö leiktæki. Leiktækin hafa nú verið teiknuð inn á fyrri teikningar. Framkvæmdin breytist því að einhverju leiti frá því sem áður var áætlað.

Undirrituð ásamt Brynjari Þór Jónassyni, sviðstjóra umhverfis- og eignasviðs, leggja til að farið verði í 2. áfanga verksins og framkvæmd fyrir allt að kr. 2.000.000,-.